

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 345/2023

2024/EES/48/48

frá 22. desember 2023

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2776 frá 12. október 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 að því er varðar reglur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og öðrum viðeigandi upplýsingum frá sjóflutningum ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21aw (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 R 2776:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2776 frá 12. október 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2776, 14.12.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2776, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar,

Pascal Schafhauser

formaður

⁽¹⁾ Stjtið ESB L, 2023/2776, 14.12.2023

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1420, 13.6.2024 og EES-viðbætur nr. 17, 13.6.2024, bls. 76.